

um brúargerð á Skaftá undan Heiði á Síðu.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera brú á Skaftá undan Heiði á Síðu, svo fljótt sem kostur er á, og heimilar til þess fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eitt af því, sem nú er aðkallandi í sveitum þessa lands, er að fá færi á að nýttja þau svæði, sem frá náttúrunnar hendi eru vel fallin til ræktunar eða hafa landgæði fullnægjandi til þess, að fólk geti lifað og þróast þar vel, ef hjálparhönd er til þess lögð að gera það aðgengilegt eftir breyttum atvinnuháttum. Nú horfir á síðustu tímum nærri til landauðnar í ýmsum héruðum sakir ásóknar einkanlega unga fólksins úr sveitum til bæja eða á hina fjölmennari staði, þar sem ekki þarf að erja jörðina með erfiðismunum. Er þetta voði þjóðfélaginu, sem afstýra verður með einhverjum ráðum. Ber því að gera allt, sem kleift er og skynsamlegt, til þess að sveitafólkið haldi velli og vinna að framleiðslu úr gróðursælu skauti lands vors, og er þá ekki sízt, heldur eitt aðalatriði að bæta samgöngur allar, eftir því sem eðlilegt má þykja og nauðsynlegt telst, bæði um héruðin og innan sveitanna og yfirleitt milli mannabyggða.

Nú er svo ástætt um það efni, sem hér er gerð um tillaga til þingsályktunar, að brú á vatnsfallið Skaftá á tilgreindum stað er ótvíræð samgöngu- og afkomunauðsyn fyrir búendur á Út-Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur mál þetta verið í undirbúningi undanfarin ár og er nú tilbúið til flutnings í háttv. Alþingi, með því að vegamálastjóri hefur rannsakað allar aðstæður og gert áætlun um brúargerðina. Er álit hans prentað hér á eftir sem fylgiskjal (III). En þótt eigi sé brúarstæði þetta á þjóðvegi, má þykja sjálfsagt, að ríkissjóður beri kostnað af þessu mannvirki, enda öðrum aðilum ofvaxið. Nauðsynlegar vegagerðir til fullrar notkunar brúarinnar munu hins vegar hlutaðeigendur í héraði telja sér skylt að annast, þangað til öðruvisi yrði ákveðið.

Auk álits vegamálastjóra eru hér prentuð sem fylgiskjöl (I og II) áskorun nokkurra búenda á Síðu og í Meðallandi um framkvæmd þessa verks, og eru þar færð fram greinileg rök fyrir nauðsyn þess, svo og álit héraðsráðunautar, Árna Jónssonar, um ástæður og framtíðarmöguleika á jörðum þessa fagra og áður farsæla byggðarlags, er með þessari brúargerð mundi komast í nothæft samband við umhverfi sitt og þar með samgöngukerfi Suðurlandsins.

Er þess fyllilega að vænta, eins og nú horfir málum, að háttv. alþingismenn ljái þessari till. fylgi sitt.

Fylgiskjal I.

Vér undirritaðir leyfum oss hér með að láta það álit vort í ljós, að knýjandi nauðsyn beri til, að brú verði sett á Skaftá nálægt Heiði í Kirkjubæjarhreppi. Hreppshlutinn fyrir vestan Kirkjubæjarklaustur er útilokaður, eins og er, hvað samgöngur snertir, þar sem ekki er einu sinni hægt að nota hestkerrur til flutninga vegna Skaftár, sem telja má algerlega ófæra nú orðið, þar sem hún er tíðast ófær með flutninga á klökkum og mjög oft óreið og fer æ versnandi. Hafa búendur á þessu svæði því oftast orðið að fara um svo nefndar Brýr að og frá Kirkjubæjarklaustri, sem er illfær leið með flutninga á klökkum, hvað þá með öðrum tækjum.

Við slíkar samgöngur er ekki unandi nú á tímum, þar sem árlegir aðflutningar hafa margfaldast í seinni tíð, svo sem áburður, fódurbætir o. s. frv. Auk þess liggur fyrir, að endurbyggja þarf bæina á þessu svæði, en slíkt má telja ókleift, svo í lagi sé, eins og samgönguleiðinni er nú háttáð. Vér viljum og taka það fram, að á þessu svæði er mjög mikið og gott land, vel fallið til ræktunar, en ræktun er því aðeins kleif, svo verulegu nemi, að hægt sé að koma á svæðið þeim vinnuvélum, sem til þess þarf. Og flutningar aukast með vaxandi ræktunarbúskap. — Beitaland er með ágætum. Er því augljóst mál, að þetta svæði, með bættum samgöngum, er vel fallið til býlafjölgunar í framtíðinni. Það skal tekið fram, að brú á Skaftá á þessum stað kemur lágsveitunum að mjög miklu gagni, auk annarrar umferðar í og um þetta svæði. Vér viljum því eindregið mæla með því og óska þess, að téðri brú verði komið á, sem fyrst að mögu-

Fylgiskjal III.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 1. nóvember 1945.

Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, og áskorun hlutaðeigandi bænda var fyrir nokkru ákveðið og mælt brúarstæði á Skaftá undan Heiði. Hefur nú verið gerð áætlun um brú þarna með járnbitum á steiptum stöplum. Brúarstæði er sérlega gott, og nægir aðeins 17 m löng brú, sem er áætluð að kosta um 60 þús. kr.

Brú þessi mundi koma 5 bæjum að notum, sem yrðu að nota ferju yfir Skaftá, ef kleift væri að koma henni þar við, og er því mjög erfitt um alla aðflutninga. Leið sú, sem brú þessi er á, er óvegus, og þarf því í sambandi við brúna að verja nokkru fé til vegabóta, en væntanlega yrði vegur þessi hreppsvegur.

Þeirri litlu sveit, sem hér á hlut að máli, verður vitanlega ofvaxið að leggja nokkuð teljandi fram til brúargerðarinnar, þar sem hún verður og væntanlega að kosta vegagerðina að öllu leyti. Má segja, að hér standi ekki ósvipað á og um brú á Laxá hjá Arnarvatni í Mývatnssveit, en sú brú var byggð í haust og kostuð að öllu leyti úr ríkissjóði, og er á Skaftá fyrirhuguð brú jafnlöng og af sömu gerð og brúin á Laxá.

Virðingarfyllt,
Geir G. Zoëga.

Hr. sýslum. Gísli Sveinsson, Alþingi.